



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

628. stjórnarfundur miðvikudaginn 30. október 2024 kl 17:00.

Mætt: Björg Hafsteinsdóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Garðar Mór Newman, Jónína Steinunn Helgadóttir, Garðar Örn Arnarson, Eva Björk Sveinsdóttir og Birgir Mór Bragason framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Stefán Guðjónsson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

Engin

3. Send bréf

Engin

4 Önnur mál

A. Viðurkenningar félagsins

Umræða um að útbúa reglur varðandi Gull- og Silfurheiðursmerki félagsins. Birgir, Björg, Eva og Garðar Örn ætla að hittast og fara yfir þetta.

B. Verkferlar félagsins.

Eftir heimsóknir til annarra félaga hafa komið upp ýmsar hugmyndir sem snúa að rekstri deildanna og félagsins í heild sinni. Ákveðið að kynna þessar hugmyndir fyrir formönnum deilda á komandi vikum og byrja að vinna eftir þessum ferlum eftir aðalfundi deilda í janúar á næsta ári.

C. Fimleikadeild Keflavíkur.

Fimleikadeildin hefur verið í miklum vandræðum með aðstöðuleysi það sem af er þessu ári. Deildin reyndi að komast að í Akurskóla 2 x í viku fyrir æfingar í hóp fimleikum en fékk ekki þá tíma sem hún óskaði eftir. Framkvæmdastjóri Keflavíkur ásamt framkvæmdastjóra fimleikadeildar halda áfram að reyna að finna lausn á þessum vanda.

D. Íþróttasvæði Keflavíkur

Aðalstjórn Keflavíkur er spennt að halda áfram þeirri vinnu sem er í gangi við framtíðarsvæði vestan Reykjanesvallar og vonar að framkvæmdir fari af stað sem fyrst.

E. Þorrablót Keflavíkur

Þorrablót Keflavíkur verður haldið 18. janúar nk. Aðalstjórn hvetur alla Keflvíkingsa til að verða sér út um miða á þetta frábæra blót.

F. Jólblað Keflavíkur.

Þorsteinn Kristinsson og Eyþór Sæmundsson ætla að taka að sér að sjá um jólblað Keflavíkur. Ákveðið var að gefa blaðið út rafrænt en prenta 100 eintök út til dreifingar á helstu staði í bæjarfélaginu.

G. Ljósmyndari Keflavíkur

Jóhann Páll Kristbjörnsson er tilbúinn að vera ljósmyndari félagsins og sjá til þess að viðburðir á vegum félagsins verði festir á „film“ til að varðveita sögu félagsins.

H. Pósthólf

Rætt var hvort það sé hagstæðara og betra að fá allan póst sem berst til félagsins borinn út á Sunnubrautina eða halda áfram að leigja pósthólf í pósthúsinu. Framkvæmdastjóra falið að kanna þetta.

I. Adobe forrit fyrir markaðssetningu

Nokkrir aðilar hafa óskað eftir að allar deildir hafi sama formið á auglýsingum og markaðsefnum hjá félaginu. Framkvæmdastjóra falið að kanna kostnað.

J. Abler

Forsvarsmenn frá Abler komu og fóru yfir Ablerinn með starfsfólki Keflavíkur. Við erum að gera mjög góða hluti í innheimtu og utanumhaldi. Innheimtuprósentu Keflavíkur er 98,82% og er með því hæsta á landinu. Þar ber að þakka Hjördísi íþróttastjóra fyrir gott utanumhald.

Fundi lokið kl. 18:45

Næsti fundur verður þriðjudaginn 12. nóvember kl. 17:00.

Fundinn ritaði Eva Björk Sveinsdóttir